

# ÁRSSKÝRSLA 2022

Starfstímabil 1. júní 2021- 31. maí 2022

Lögð fram á aðalfundi félagsins 5.október 2022

## ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ GERPLA



## EFNISYFIRLIT

Stjórn 2021-2022 .....	4
Almennt .....	5
Starfssemi félagsins .....	7
Áhaldadeild kvenna .....	7
Áhaldadeild karla .....	9
Hópfimleikar kvenna .....	13
Hópfimleikadeild karla .....	18
Fimleikadeild karla og kvenna .....	19
Almenn deild .....	20
Samstarf við leikskóla og grunnskóla .....	22
Samstarfsverkefni Breiðabliks, Gerplu og HK .....	22
Gerpla 50 ára .....	23
Samstarf við Sportablar .....	25
Biðlisti og fimleikasalurinn .....	25
SÍK .....	26
Aðbúnaður og áhöld .....	26
Foreldraráð .....	26
Vorsýning .....	27
Uppskeruhátíð Gerplu .....	27
Uppskeruhátíð ÍTK .....	30

Eurogym sumar 2022.....	30
Mót, viðburðir og árangur .....	31
Starfsmannamál.....	51

## STJÓRN 2021-2022



Ragnheiður M. Ólafsdóttir  
Formaður



Marta Kristín Sigurjónsdóttir  
Varaformaður



Davíð Stefán Guðmundsson  
Meðstjórnandi



Hanný Ösp Pétursdóttir  
Meðstjórnandi



Hreggviður Símonarson  
Meðstjórnandi



Hjalti Ragnar Eiríksson  
Ritari



Sif Pálsdóttir  
Meðstjórnandi



Olga Bjarnadóttir  
Framkvæmdastjóri



Hildur Gottskálksdóttir  
Fjármálastjóri

Á tímabilinu voru 10 bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmdastjóri sat alla fundi stjórnar og fjármálastjóri félagsins þegar til hans var kallað.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, varaformaður, Hjalti Ragnar Eiríksson, ritari, Hanný Ösp Pétursdóttir, Davíð Stefán Guðmundsson, Sif Pálsdóttir og Hreggviður Símonarson meðstjórnendur.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 100 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Olga Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Fjármálastjóri félagsins er Hildur Gottskálksdóttir.

Íþróttafélagið Gerpla átti mjög farsælt starfsár 2021-2022. Starfssemin er senn að taka við sér eftir tvö löng og ströng Covid tímabil en það má með sanni segja að heimsfaraldurinn hafi sett sterkan svip á ákveðna þætti starfsins. Mest áberandi var þó þátttaka foreldra en samkomutakmarkanir og ýmsir annmarkar í þjóðfélaginu gerðu það að verkum að þeir voru ýmist bannaðir frá viðburðum eða þátttaka leyfð með miklum hömlum. Fækkun foreldraheimsókna var eftirtektarverð en undanfarin ár hafa forráðamenn fylgt börnum inn í húsin í mun minna mæli en áður vegna sóttvarna. Gleðiefni var að sjá að smám saman færðist allt í fyrra horf á tímabilinu.

Í Gerplu er unnið mjög mikið og faglegt starf og er það borið uppi af frábærum mannauði sem býr yfir mikilli þekkingu á sviði þjálfunar og íþróttar. Samfélagið er skipað fólki frá mörgum löndum og menningarheimum og sameinast þessir kraftar í Gerplu og birtist í samheldni starfsfólks sem bera virðingu hvort fyrir öðru. Þessi samheldni skín í gegn í viðburðahaldi en þegar mest á reynir gengur allt best skiptir þá engu hvort um ræðir heimsfaraldur, fimleikamót, æfingar, skemmtanir eða annað. Það hefur verið stöðugur vöxtur hjá félaginu undanfarin ár ef líðandi starfsár er undanskilið. Ástæðan er líklegast sú að Covid 19 hafði mikil áhrif á alla íþróttaiðkun í landinu og nýliðun þar af leiðandi minni en ella.



Síðan árið 2018 hafa fimleikarnir í Gerplu verið iðkaðir í tveimur húsum, en þá opnaði íþróttahús við Vatnsendaskóla. Fyrir æfði félagið eingöngu í íþróttamiðstöðinni Versölum. Dansæfingar í hóp fimleikum fara enn fram í Versölum og standa forsvarsmenn félagsins frammi fyrir því á næstu árum að finna lausn á þeim vanda en dansæfinunum fylgir mikil hljóðmengun og það er þröngt á þingi í Versölum þó svo æfingar félagsins fari fram í tveimur húsum. Eins er tilfinnanlega vöntun á fundaraðstöðu og félagsaðstöðu sem og aðstöðu til að sinna styrktarþjálfun.

Æfingar hafa byrjað klukkan 15:00 á daginn í Vatnsenda en 14.30 í Versölum og gerir þá félaginu mögulegt að vera með þjálfara í fullu starfi sem hefja þjálfun snemma á daginn og fram á kvöld alla virka daga. Það hefur sýnt sig undanfarna vetur að forsenda fyrir því að hefja æfingar svo snemma á daginn er að vera með starfsmenn í fullu starfi sem eru að helga sig starfinu. Húsnæðið er vel nýtt allt frá því æfingar hefjast snemma á daginn og fram á kvöld. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að byrja klukkan 14:30 í Vatnsenda eins og í Versölum er sú að börn sem búa á Kársnesinu þurfa að taka frístundabílinn og er ekki möguleiki að koma bílnum fyrr í Vatnsenda. Með því að hefja æfingar klukkan 15:00 í Vatnsenda gefst öllum börnum í Kópavogi, óháð búsetu, tækifæri á að taka þátt hvort heldur sem það er í hóp fimleikum, grunnfimleikum, almennum fimleikum, parkour eða áhaldafimleikum.

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.300 talsins. Þar af voru um 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu. Sumir nýta sér einungis sumarnámskeið og aðrir vetraræfingar en meirihluti iðkenda sækir æfingar allt árið um kring.

Sumarnámskeiðin 2021 voru ágætlega sótt en ákveðin tímabil eru alltaf vinsælust og komust þá færri að en vildu á einhver námskeið. Það var fækkun frá sumrinu 2020 sem nam 10% en sumarið á undan var aukning. Alls voru 577 börn sem sóttu ýmist fimleika- og íþróttafjör og eða parkournámskeið. Ástæða fyrir fækkuninni er að sumarið á undan fékk árgangur 2014



fría viku á sumarnámskeiði sem var uppbót vegna lokana og Covid 19. Því verða aðsóknartölurnar 2021 að teljast mjög góðar. Starfið hófst aftur eftir verslunarmannahelgi og voru iðkendur að skila sér inn á æfingar allan ágústmánuð. Haustið hófst með krafti og var öflugt framboð af æfingum og námskeiðum. Starfsdagur Gerplu var 20.ágúst og kom Sandra Árnadóttir sjúkráþjálfari og fór yfir íþróttameiðsli,



viðbrögð við slysum og góðar æfingar til að fyrirbyggja álagsmeiðsli. Sportablermenn komu í heimsókn og fóru yfir nýjungar og aðstoðuðu þjálfara og að lokum kom Erla Stefanía Magnúsdóttir skólastjóri í Fífusölum og fór yfir einhverfu barna og hvernig gott er að nálgast börn með einhverfu í þjálfun, leik og starfi. Fyrirlestrarnir fengu góðar undirtektir hjá þjálfurum Gerplu og mörkuðu þeir

gott upphaf á tímabilinu. Hinsvegar var dagurinn heilmikið þúsluspil þar sem skipta þurfti upp salnum og salernum og passa að allir starfsmenn væru ekki í sama hólfi ef smit skyldi koma upp en þá hefði verið hætt á að allir þjálfarar hefðu endað í sóttkví og starfið ekki getað hafist. Vegna heimsfaraldurs voru fjölmargir viðburðir sem ekki var hægt að standa fyrir. Ekkert mót í hóp fimleikum fór fram á haustönn 2021 en þrepamót 1 og haustmót á áhaldafimleikum var haldið með miklum takmörkunum. Garpamótið var haldið í byrjun nóvember en ekkert jólaball var í Gerplu, ekkert þorrabót í janúar 2022 og afmælisýning sem búið var að undirbúa tvívegis var ekki hægt að halda og því mikil og góð vinna sem fór fyrir lítið. Loksins náðist að fagna 50 ára afmæli Gerplu en veisluhöldin fóru fram í veislusal Gerplu á sumardaginn fyrsta þann 21. apríl 2022.

## STARFSSEMI FÉLAGSINS

### ÁHALDADEILD KVENNA

Áhaldadeild kvenna var með eftirfarandi keppnishópa veturinn 2021-2022

6. þrep kvenna – 3 hópar

5. þrep kvenna – 2 hópar

4. þrep kvenna – 2 hópar

3. þrep kvenna – 1 hópur

1.-3. þrep kvenna – 1 hópur

Meistarahópur kvenna - 1 hópur

Hraðferð – 5 hópar





Áhaldadeild kvenna stendur mjög vel þjálfaralega séð, við erum með flesta okkar þjálfara í fullu starfi og þar af leiðandi góður stöðuleiki í þjálfun hópanna. Þjálfarar deildarinnar voru í vetur 14 talsins. Helstu verkefni deildarinnar eru mót á vegum Fimleikasambands Íslands ásamt þeim vinamótum sem félögin á Íslandi bjóða upp á. Loksins náðum við öllum mótum haustannar í áhaldadeildinni og engin mót felld niður vegna Covid, því líkur sigur sem það var. Vorönnin hófst samt með frestunum á fyrstu mótum en sem betur fer var hægt að finna nýjar dagsetningar svo mótin gætu farið fram.

Iðkendar deildarinnar náðu að keppa á eftirfarandi mótum á vegum Fimleikasambands Íslands á vetrinum: Haustmót, Þrepamót I, II og III, Þrepamóti í 1.-3. Þrepi, Bikarmóti í þrepum, Íslandsmóti í þrepum, GK meistaramóti, Bikarmóti í frjálsum æfingum og Íslandsmóti í frjálsum æfingum. Við tókum einnig þátt á öllum þeim vinamótum sem í boði voru, Aðventumóti Ármanns, Ofurhetjumóti Gróttu, Iceland Classic og Mínerfumóti Bjarkanna. Við áttum fulltrúa í erlendum verkefnum landsliða Íslands á vetrinum sem kepptu á Evrópumóti, Noðurlandamóti, Norðurlandamóti unglunga og Norður Evrópumóti.

Keppendur okkar í landsliðsverkefnum voru:

Agnes Suto, Dagný Björt Axelsdóttir, Hildur Maja Guðmundsdóttir, Kristín Sara Jónsdóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Sól Lilja Sigurðardóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir.

Í vetur fór hópur iðkenda í æfingabúðir til Győr í Ungverjalandi þar sem var æft við mjög góðar aðstæður. Hópurinn fór í febrúar og voru þetta stúlkurnar í meistaraflokki og meistaraflokki yngri. Þetta er frumraun okkar í að fara í æfingabúðir að vetri til, áður en keppnistímabilið byrjar á fullu og var mjög mikil ánægja með þessa tímasetningu. Það hafði mikið að segja að





keppnistímabilið var mjög seint í áhaldafimleikum þetta tímabilið. Þjálfarar í ferðinni voru þau Ferenc Kovats, Andrea Fellner og Þorgeir Ívarsson.



Við horfum full bjartsýni inn í næsta tímabil. Breytingar voru gerðar á deildinni síðasta vetur sem lukkuðust vel, en alltaf þörf á að vera vel á tánum og endurskoða það sem betur má fara. Keppnistímabilið í nýjum Fimleikastiga heppnaðist vel og eru keppendur að aðlagast stiganum vel. Nýr keppnistigi fyrir eldri stúlkur í áhaldafimleikum var prufukeyrður og er mikil ánægja innan keppnisdeildarinnar með hann og verður gaman að sjá hann stækka á næstu árum.

### **Auður Ólafsdóttir deildarstjóri áhaldafimleika kvenna**

#### **ÁHALDADEILD KARLA**

Í áhaldadeild karla voru 9 hópar á síðastliðnu ári

- 6. þrep
- 5. þrep
- 4. þrep
- Hraðferð 3
- Hraðferð 2
- Hraðferð 1
- Meistaraflokkur yngri og eldri

Tímabilið byrjaði á því að Dagur Kári, sem æfir í Gerplu, keppti fyrir Íslands hönd með unglingslandslíði Íslands á Berlin Cup. Mótið var haldið "online" og fékk Dagur Kári brons á tvíslá og var í fimmta sæti í fjölþraut sem er frábær árangur.

Á heimsmeistaramótinu 2021 sem fór fram í Japan í október áttum við í Gerplu þrjá af fjórum fulltrúum Íslands, þá Jónas Inga Þórisson, Martin Bjarna Guðmundsson og Valgarð Reinhardsson.

Þeir stóðu sig allir frábærlega og var Valgarð mjög nálægt því að komast í úrslit í fjölþraut. Dagur Kári var valinn í landslið fyrir Norðurlandamót unglunga. Dagur Kári sigraði á bogahesti og svífrá ásamt því að fá silfur í liðakeppni og brons í fjölþraut á Norðurlandamóti unglunga. Mótið var haldið "online" en árangurinn engu að síður stórkostlegur.

Þrepamót var haldið í nóvember og þar sigraði Tómas Andri Þorgeirsson í 4. þrepi og færðist því upp í 3. þrep.

Gerpla átti fjóra af 5 fulltrúum Íslands í fullorðinsliði á Norður-Evrópumóti, þá Martin Bjarna, Jónas Inga, Dag Kára og Valgarð. Mótið var haldið í Wales og náðu strákarnir okkar flottum árangri.

Jónas Ingi Þórisson náði bestum árangri íslensku keppendanna en hann vann sig inn í úrslit á þremur áhöldum. Hann gerði sér lítið fyrir og vann brons í æfingum á gólfi en hann sýndi mjög flottar gólfæfingar tvo daga í röð. Hann skoraði 13,9 í undanúrslitum og svo 13,75 stig í úrslitum en einkunnir lágu lægra í úrslitum. Jónas endaði svo í 6. sæti á stökki og 7. sæti á svífrá. Þeir Valgarð og Martin Bjarni unnu sér einnig sæti í úrslitum Martin Bjarni á svífrá og Valgarð á Tvíslá. Martin endaði í 6.sæti og Valgarð í því fjórða.

Hautmót 2021 var algerlega frábært fyrir okkur í Gerplu.

- Atli Snær varð fjölþrautarmeistari
- Kári Pálmason varð fjölþrautarmeistari í 1. þrepi
- Atli Elvarson varð fjölþrautarmeistari í 2. þrepi
- Baltasar Guðmundur var í 2. sæti í 2. þrepi
- Botond Ferenc Kovacs var í 3. sæti í 2. þrepi
- Ármann Andrason varð fjölþrautarmeistari í 3. þrepi

Sex drengir úr Gerplu voru valdir í hæfileikamótun drengja hjá Fimleikasambandi Íslands og mættu þeir á góða æfingu með öðrum hæfileikaríkum drengjum úr öðrum félögum.

Á þrepamóti 1. - 3. þreps sigraði Botond Ferenc Kovacs í 2. þrepi og náði þrepinu.

Í byrjun mars fengu þeir Atli Elvarsson og Baltasar Guðmundur boð frá Róberti Kristmanssyni um að mæta á landsliðsæfingu unglunga.

Á Bikarmóti í þrepum 2022 fékk Gerpla tvo bikarmeistararitla, bæði í 1. og 2. þrepi. Í 3. þrepi vann liðið okkar silfur.

Íslandsmót í 1.-3. þrepi var frábært mót fyrir okkur í Gerplu. Botond Ferenc Kovats sigraði 2. þrep og Kári Pálmason sigraði í 1. þrepi og eru þeir þar með Íslandsmeistarar.

GK meistaramótið var einnig frábært mót fyrir okkur þar sem mikið af verðlaunum komu í hús og Valgarð Reinharðsson vann fullorðinsflokkinn.

Iceland Classic var haldið í byrjun apríl þar sem öll þrep tóku þátt. Mótið var glæsilegt að vanda og tók Gerpla öll gullin ásamt því að mikið var um bætingar hjá iðkendum og gleðin allsráðandi í lok móts.



Á síðasta þrepamóti tímabilsins áttum við 2 drengi í 5. þrepi og 7 drengi í 4. þrepi sem fengu nægilega mörg stig til þess að ná þrepinu og færast þar með upp um þrep.

Í maí héldum við Bikarmót þar sem lið Gerplu 1 sigraði og varði þar með Bikarmeistararitilinn. Lið Gerplu A stóð sig einnig frábærlega og lentu þeir í öðru sæti.



Tveim vikum eftir Bikarmót héldum við svo Íslandsmeistaramótið þar sem Valgarð sigraði af öryggi. Á eftir honum komu Jónas Ingi í 2. sæti og Martin Bjarni í því þriðja.

Landslið fyrir Norðurlanda- og Evrópumót voru tilkynnt og áttum við í Gerplu 6 af 7 fulltrúum liðsins í fullorðinsflokki: Arnþór, Atla Snæ, Jónas Inga, Martin Bjarna, Valgarð og Valdimar.



Í lok júní sameinaðist öll Gerplufjölskyldan í því stóra verkefni að undirbúa salinn fyrir Norðurlandamót sem fram fór dagana 2. og 3. júní 2022 í Gerplu.



Við erum ótrúlega stolt og glöð með þær niðurstöður sem við höfum náð en okkar helsta afrek er allar þær góðu fyrirmyndir sem við höfum hjá okkur og styðja að heilbrigðu líferni ásamt því að hafa gaman að því að æfa fimleika og vera í Gerplu.

**Alek Ramezanpour deildarstjóri áhaldafimleika karla**

## HÓPFIMLEIKAR KVENNA

### Hópfimleikar kvenna 4. og 5.flokkur

Í vetur kepptu 6 hópfimleikalíð og 3 stökkfímillíð í þessum flokkum. Í deildinni voru 12 þjálfarar og 5 aðstoðarþjálfarar. Hætt var við Haustmótið 2021 vegna Covid og var því fyrsta mót vetarins í mars 2022 og var það Bikarmót haldið í Digranesi af okkur í Gerplu og tókst mótið mjög vel. Gerpla sendi tvö líð til kepni í 5.fl hópfimleika og tvö líð í 5.fl stökkfími. Líðin stóðu sig mjög vel og bæði líðin í 5.flokki unnu sér rétt til að vera í A deild út keppnistímabilið. Níu efstu líðin í hverjum flokki vinna sér inn sæti í A-deild. Gerpla sendi inn fjögur líð í 4.flokki og unnu líð 1 og 2 sæti í A deild, líð 3 keppti í B deild og líð 4 í C deild. Líð 1 bæði í 4. og 5.flokki urðu Bikarmeistarar 2022. Ekki er lengur Íslandsmót í 4. og 5.flokki og því fóru þessi líð á Vormót sem haldið var á Selfossi í maí.

Í 4.flokki voru líð 1 og 2 í A deild og gerðu sér lítið fyrir og urðu í 1. og 2.sæti í þeim flokk sem er ótrúlegt afrek og verður erfitt að toppa. 4.flokkur 3 var í B deild og urðu í 2.sæti þar og svo 4.flokkur 4 í C deild og unnu þá deild. Í 5.flokki vorum við með tvö líði í A deild og líð 1 varð í 5.sæti og líð 2 í 8.sæti. Bæði líð áttu ekki sinn besta dag í keppni en fengu góða reynslu af mótinu.



### Áherslur síðasta veturs

Við lögum mikla áherslu á að reyna að skapa eins jákvætt andrúmsloft og hægt var og reyndum að stuðla að jákvæðri upplifun iðkenda af æfingum og mótum. Við gerðum smá breytingar á 4.flokki sem gengu vel upp. Við létum líð 1 og 2 æfa saman og líð 3 og 4 saman og svo líð 5 sér. Þessar breytingar höfðu mjög góð áhrif og gekk mjög vel. Í 4.flokki vorum við með hátt í 70 stelpur og var verkefnið stórt og mikið en það gekk framur vonum að halda utan um hvern og einn iðkenda.



Í 5.flokki gerðum við einnig smá breytingu. Við vorum með 3 þjálfara og 2 aðstoðarþjálfara og æfðu öll liðin saman. Stelpunum var getuskipt í 3 lið og liðin fóru á milli þjálfara, þannig að allir þjálfararnir voru að fá til sín öll liðin á hverri æfingu. Þetta virkaði mjög vel og ætlum við að halda þessu áfram.

Annað sem vert er að nefna er getuskiptingin og mikilvægi hennar. Ég ætla að byrja á að tala um hvernig við getuskiptum. Við erum með ákveðin stöðupróf sem hver og einn fer í gegnum og þá sjáum við hvernig staðan er á hverjum og einum. Við röðum svo stelpunum í lið út frá þessu. Þetta er bara hluti af ferlinu því liðin eru í stanslausri skoðun allan veturinn og erum við alveg óhrædd við að færa iðkendur á milli liða ef við teljum að það sé betra fyrir iðkandann að vera í liði á neðra getustigi eða efra. Við höfum reynt að vanda okkur við þetta og útskýra vel og oftast gengur þetta mjög vel. Það er ansi há prósentu af stelpum sem eru færðar í lið á neðra getustigi, sem náðu í kjölfarið betri tókum á fimleikunum. Það sem gerist líka er að sjálfstraustið eykst ef þú ert að gera æfingar sem þú ræður við, þannig eykst vellíðan bæði á æfingum og í keppni.



## Áskoranir og tækifæri

Við erum í lúxusstöðu í þessum flokkum. Við erum með fyrirmyndar aðstöðu og með mjög mikinn fjölda iðkenda og eru ótal tækifæri tengd því. Það eru samt áskoranir í þessu líka því þegar við stækkum megu við ekki týna gildunum og gæðunum sem við þurfum að hafa til að halda starfinu góðu. Við verðum að virða stöðuna sem við erum í og ekki taka henni sem sjálfsögum hlut. Við verðum að vera dugleg að hugsa vel um hvern og einn iðkenda alveg sama í hvaða liði hann er og alveg sama hversu langt í sínum fimleikum hann er kominn. Ef við gleymum okkur í eitt augnablik þá fylgir það okkur lengi.



Annað sem þarf að nefna hérna eru þjálfaramál. Við erum að missa marga þjálfara eftir þetta ár af ýmsum ástæðum en í flestum tilfellum er það vegna náms eða flutninga erlendis. Við þurfum að vera dugleg að ala upp þjálfara og jafnframt að reyna að finna gamla iðkendur og þjálfara til að koma aftur til okkar. Það eru áskoranir sem felstast í því að fá inn nýja þjálfara og það er vinna að búa til góða þjálfara eins og það er vinna að búa til góða iðkendur. Góðir þjálfarar og iðkendur eru ekki bara þeir sem ná mestum árangri í keppni. Við þurfum að hlúa jafnt að þeim sem vilja og hafa metnað fyrir því að þjálfa iðkendur sem eru byrjendur eða styttra komnir. Ef við hugsum vel um þjálfarana okkar og gefum yngri þjálfurunum gott aðhald og aðstoð þá verðum við í góðum málum. Þessu má aldrei gleyma því þetta er það sem gerir okkur að því sem við erum.

## Hópfimleikadeild kvenna 3., 2., 1. og meistaraflokkur

Við vorum með eftirfarandi lið í eldri flokkunum okkar

3.fl 1 , 3.fl 2 og 3.fl stökkfimi - 35 iðkendur

2.fl 1 og 2.fl stökkfimi - 28 iðkendur

1.fl kvk , 1.fl mix - 30 iðkendur

Mfl kvk - 16 iðkendur

3.fl kvk kepptu í tveimur mótum í vetur. Lið 1 urðu Bikarmeistarar og lentu þær í 2.sæti á Íslandsmóttinu. Lið 2 varð í 6.sæti á Bikarmóttinu og vann sér því rétt á að vera í A deild og svo urðu þær í 8.sætinu á Íslandsmóttinu. Lið 3 varð í 4 sæti á Bikarmóttinu í Stökkfimi og svo urðu þær í 3.sæti á Íslandsmóttinu.

2.flokkur kvenna og mix kepptu á þremur mótum í vetur. 2.fl kvk varð í 3.sæti á GK móttinu. Þær urðu svo í 4.sæti á Bikarmóttinu og enduðu svo á að ná 3.sætinu á Íslandsmóttinu. 2.flokkur mix keppti á þremur mótum í vetur og unnu öll móttin.



### 1.flokkur

Ákveðið var að stefna á að vinna sér inn þátttökurétt til að fara með tvö lið á Norðurlandamót unglunga sem haldið var í Randers í Danmörku í apríl. Fyrsta mót vetarins var GK mótið þar sem 1.fl kvenna vann með miklum yfirburðum. 1.flokkur mix vann einnig mótið í sínum flokki, en var í mikilli samkeppni við annað lið. Liðin unnu svo bæði Bikarmót sem einnig var úrtökumót fyrir Norðurlandamótið og unnu sér inn þátttökuréttinn sem stefnt hafði verið að. Það voru því tvö lið , 28 Iðkendur og 8 þjálfarar sem fóru til Randers í Danmörku. 1.fl kvk átti ekki sinn best dag og enduðu í 5.sæti en mixið átti frábæran dag og náðu 4.sætinu. Frábært mót og tvö flott lið sem eiga eftir að gera góða hluti með Gerplu í framtíðinni.

Liðin fóru svo bæði á Íslandsmót í lok apríl og urðu bæði Íslandsmeistarar í sínum flokkum.

1.flokks liðin unnu því öll móttin á Íslandi í vetur.



Meistaraflokkur var með 1 kvennalið. Fyrsta mót vetarins var GK mót sem þær sigruðu. Næsta mót var Bikarmót og urðu stelpurnar í 2.sæti þar. Þriðja mótið var svo nýtt mót sem heitir Mótaröðin og er keppt í mýkri ("semí") lendingar á því móti. Þar náðu þær 2.sæti. Fjórða mót vetarins hjá mfl var svo Íslandsmót þar sem liðið hafnaði í 2.sæti.



### **Áskoranir og tækifæri**

Við sjáum það eftir veturinn að við þurfum að vera dugleg að hugsa langt fram í tímann og huga að verkefnum framtíðarinnar. Verkefni í vetur með 1.flokk hófst fyrir þremur árum. Við erum strax byrjuð að undirbúa og setja saman lið fyrir NMJ 2024 (þar sem iðkendur f. 2007 og 2008 eru gjaldgengir) og einnig NMJ2026 (þar sem iðkendur f. 2009 og 2010 eru gjaldgengir). Ef við erum dugleg að halda þessu á lofti og vinnum að þessu til langs tíma er líklegra að árangurinn okkar verði góður. Einnig er mikilvægt að hafa að einhverju að stefna. Gerpla hefur hampað Íslandsmeistaratitli unglunga kvk þrisvar sinnum á síðustu 4 árum, 2018, 2020, 2021 og 2022 þannig að það er verið að gera mjög vel hjá okkur þarna og núna er kominn tími til að færa þetta upp í meistaraflokk. Við erum komin af stað með verkefni til þriggja ára og bindum við miklar vonir við meistaraflokkinn okkar. Gerpla á marga iðkendur úr 1.flokki í landsliðum fyrir EM í September 2022 og jafnframt eigum við 3 iðkendur á


meistaraflokksaldri í þeim hópi. Við hlökkum mikið til að vinna með öllum okkar iðkendum í þessum flokkum í vetur.

Meistaraflokkur Stefnir á að tryggja sér þátttökurétt á Norðurlandsmót fullorðina sem haldið verður á Íslandi haustið 2023.

Markmiðin okkar næstu árin eru skýr

1. Vera duglega að hugsa um hvern og einn iðkanda
2. Bæta starfið okkar með því að þjálfa upp fleiri þjálfara
3. Gefa öllum tækifæri til að sýna sínar bestu hliðar, iðkendum og þjálfurum
4. Verða Íslandsmeistarar í öllum flokkum árið 2025

### **Kristinn Þór Guðlaugsson deildarstjóri hópímleikadeildar kvenna**



### **HÓPFIMLEIKAEILD KARLA**

Keppnistímabilið 2021-2022 sendi Gerpla tvö drengjalið og 1 blandað lið til keppni. Haustið var fellt niður hjá yngri flokkum en fært hjá þeim eldri sökum samkomutakmarkana. Eftir áramót fóru hins vegar öll mót fram samkvæmt áætlun. Fyrsta mót vetrarins var GK mót en Gerpla sendi til leiks blandað lið í 2. flokki. Liðið var sett saman rétt fyrir mótið og því keppti liðið eingöngu á stökkahöldum.



Næstu mót voru bikarmót. Undanfarið hefur því skipt niður á tvær helgar. Ein helgi fyrir yngri flokka og önnur fyrir eldri. Bikarmót yngri flokka var haldið í Digranesi í umsjón Gerplu. Á það

mót sendi Gerpla 2 kky lið. Lið Gerplu 1 varð í 2. sæti á því móti og sigraði dýnustökkin. Lið Gerplu 2 varð í 6. sæti en í því liði voru yngri keppendur sem voru að stíga sín fyrstu skref í keppni. Á bikarmótinu fyrir eldri lið varð blandað lið 2. flokks Bikarmeistari í sínum flokki.

Um vorið fóru fram tvö mót. Yngri flokkarnir fóru á Vormót en þeir eldri á Íslandsmót. Á vormóti kepptu tvö kky lið fyrir hönd Gerplu. Lið 1 endaði í 4. sæti og sigraði bæði stökkáhöldin trampólín og dýnu. Lið 2 endaði í því sjötta.

Blandað lið 2. flokks tryggði sér síðan Íslandsmeistaratitil á Íslandsmóti.

Framtíðin er björt í hópímleikum karla en við þurfum að vanda okkur að hlúa vel að okkar iðkendum og vinna áfram markvisst í þessari deild.

## **Ragnar Magnús Þorsteinsson deildarstjóri hópímleikadeildar karla**

### **FIMLEIKAEILD KARLA OG KVENNA**

Í fimleikadeild æfa stúlkur og drengir sem eru á aldrinum 5-7 ára. Iðkendur sem eru á síðasta ári í leiksskóla eru í grunnhópum 1x í viku, iðkendur sem eru í 1.bekk eru í grunnhóp 2x í viku og þeir sem eru í 2.bekk eru í framhaldshóp 2x í viku. Í öllum þessum hópum erum við að leggja grunn að fimleikaæfingum. Að loknum framhaldshópi velja iðkendur þá fimleikagrein sem þau vilja æfa, áhaldafimleika, hópímleika, fimleika fyrir alla eða parkour. Í fimleikadeild stúlkna voru 20 hópar, 8 grunnhópar 1x í viku, 7 grunnhópar 2x í viku og 5 framhaldshópar. Í fimleikadeild drengja voru 10 hópar þar af fjórir grunnhópar 1x í viku, þrír grunnhópar 2x í viku og þrír framhaldshópar.



Verkefni fyrir iðkendur okkar í fimleikadeildinni var Garpamót, eitt á haustönn og eitt vorönn. Garpamót er mikilvægur liður fyrir okkar iðkendur þar sem þau læra að koma fram og sýna þær æfingar sem þau eru búin að læra. Að móti loknu fá allir iðkendur verðlaunapening og þátttökuskjal fyrir flotta frammistöðu. Bæði Garpamótin gengu vel en sérstaklega ánægjulegt var Garpamótið á vorönn, þar sem við gátum tekið við ótakmörkuðum fjölda áhorfanda eftir tvö ár af kórónuveiru faraldri. Í maí settum við svo upp vorhátíð grunn- og framhaldsdeildar

Þar sem börnin fengu að leika sér m.a. í hoppuköstulum og grillaðar voru pylsur og allir fengu safa með. Margir forráðamenn mættu á viðburðinn sem var mjög ánægjulegt.



Mikilvægasta verkefni fimleikadeildarinnar er að kveikja á áhugahvöt hjá iðkendum okkar til áframhaldandi iðkunar. Æfingar þurfa að vera krefjandi en jafnframt skemmtilegar svo áhugi myndist á greininni.

### **Ragnar Magnús Þorsteinsson og Sif Pálsdóttir Deildarstjórar Fimleikadeildar karla og kvenna**

#### **ALMENN DEILD**



Haustönn 2021 í Almennri deild fór vel af stað. Við vorum með 29 hópum og bættum við okkur tveimur hópum þegar leið á önnina, af fimleikabækki fyrir boltakrakka vegna mikillar eftirspurnar. Sá hópur er hugsaður fyrir krakka sem æfa boltaíþróttir, til að styrkja jafnvægi, liðleika, hreyfiferla og almennan líkamsstyrk. Hópurinn gerir fimleikabækki sem við notum mikið hjá okkur til að byggja upp grunnstyrk, sem nýtist sem góður grunnur fyrir allar íþróttir. Þjálfarar á hópum í almennri deild voru í heildina 16 ásamt aðstoðarþjálfurum sem voru 17 talsins. Flestir okkar þjálfarar eru í hlutastarfi eða jafnframt að þjálfa í öðrum deildum. Af

hópunum sem eru í almennri deild eru tveir hópar sem taka þátt á fimleikamótum á vegum Fimleikasambands Íslands. Það eru hóparnir Special Olympics og grunnhópur fatlaðra. Þau kepptu á Íslandsmóti í Special Olympics sem haldið var í Fjölni í byrjun maí. Mikil gleði ríkti á mótinu og fóru allir iðkendur sáttir eftir mótið í pizzuveislu á Shake and pizza.

Stærsti viðburðurinn hjá Parkour hópunum, er Parkour-djamm sem er vinamóts viðburður sem Gerpla heldur einu sinni á ári. Þá bjóðum við öðrum félögum með parkour iðkendur, að koma til okkar og hefur það verið gríðarlega vel heppnað. Parkour djamm Gerplu 2021 var haldið í desember í íþróttahúsinu í Vatnsendaskóla og í lokin fengu allir þátttakendur pizzu. Mjög vel var mætt á viðburðinn og þjálfarar og iðkendur ánægðir með daginn.



Helstu áskoranir og takmarkanir í almennu deildinni eru tvíþættar:

Erfitt er að halda í iðkendur sem æfa hjá okkur í almennu deildinni og koma í veg fyrir brottfall.



Þessir iðkendur eru oft jaðarhópar sem leggja ekki mikla áherslu á að ná árangri eða keppast. Við þurfum því að halda áfram að búa til viðburði og skapa góðan liðsanda meðal hópanna til að halda iðkendum áhugasömum. Við teljum okkur gera það ágætlega með parkour-djamminu og vorsýningu en erum sífellt að leita leiða til að gera enn betur. Bæði Íþróttafélagið Gerpla og þjálfarar okkar, vilja heilshugar geta boðið öllum sem hafa áhuga að stunda heilsueflandi hreyfingu í öruggu umhverfi. Önnur áskorun er sú að erfitt er að finna góða og metnaðarfulla þjálfara til að koma að þjálfu hjá okkur í almennu deildinni. Við erum nú þegar með mjög góðan hóp af framúrskarandi þjálfurum og mikilvægt er að halda vel utan um þá til að halda áfram því góða starfi sem fer fram hjá okkur. Mikil

eftirspurn er eftir hópum í deildinni en til þess að geta fjölgað verðum við að fá til liðs við okkur, eða ala upp, fleiri góða þjálfara.

Mörg tækifæri eru innan almennu deildarinnar. Við viljum stækka deildina í takt við eftirspurn og bjóða upp á hreyfingu fyrir alla sama hvort þeir hafi æft íþróttir áður eða ekki.

## **Þórdís Eva Harðardóttir deildarstjóri almennrar deildar**

### **SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA**

Samstarf Gerplu við leikskólann Fífusali og leikskólann Sólhvörf hefur verið farsælt síðustu ár og var það áfram í vetur. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að þjálfarar hafa sótt börnin í leikskólann og labbað með þeim í íþróttahúsið ásamt leikskólakennurum. Leikskólakennarar fylgdu börnunum svo aftur yfir á leikskólann að tíma loknum. Þannig hafa elstu börn leikskólanna fengið sinn fimleikatíma í miðri viku á skólatíma og hafa þá lokið við sína hreyfingu þegar foreldrar sækja þau í leikskólann. Leikskólinn Sólhvörf sem er í nágrenni við Vatnsendaskóla æfði þar en Fífusalir æfðu í Versölum.

Gerpla er líka í samstarfi við Salaskóla en félagið stóð fyrir íþróttatímum fyrir frístund Salaskóla þar sem börn úr frístund komu í tíma hjá Gerplu endurgjaldslaust á þeim tíma sem þau voru í Frístund tvisvar sinnum í viku. Konráð Elí Sigurgeirsson fór fyrir þeim tímum í vetur.

### **SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK**

Stóru íþróttafélögin í Kópavogi Breiðablik, Gerpla og HK hafa átt ötult og gott samstarf á liðnu tímabili. Frístundavagninn var á sínum stað en þetta var fjórða árið þar sem félögin starfræktu frístundabíl í samstarfi við Kópavogsbæ. Það var fyrirtækið Hópbílar se sá um aksturinn og Elva Björg okkar Gunnarsdóttir var starfsmaður í rauða bílnum. Áhersla er lögð á að frístundavagninn þjóni fyrst og fremst nemendum 1.- 4.bekkjara en öllum er heimilt að nota bílinn svo lengi sem það er laust pláss. Með tilkomu frístundabíla ná íþróttafélögin að nýta íþróttamannvirki Kópavogsbæjar betur með því að hefja æfingar strax að loknum skóla.

Iðkendur Gerplu gátu nýtt bílinn bæði á æfingar í Versali sem og í Vatnsenda.





Afreksbraut MK hefur verið starfrækt síðan haustið 2019 en vorið 2019 var ákveðið að hefja viðræður við Menntaskólann í Kópavogi um að setja á stofn afreksbraut MK í samstarfi við Gerplu, Breiðablik og HK. Afreksbrautin fór af stað haustið 2019 og hefur verkefnið vaxið og dafnað síðan. Það voru 8 nemendur í fimleikum veturinn 2021-2022. Viktor Kristmannsson var yfir þjálfuninni í Gerplu og er ánægjulegt að sjá hversu miklu þetta skilar fyrir þá iðkendur sem kjósa að fara þessa leið með námi.

Verkefnið Virkni og Vellíðan er annað verkefni sem Íþróttafélögin Gerpla, Breiðablik og HK hafa unnið í samstarfi en UMSK var einnig aðili að því verkefni. Í vetur náðist í fyrsta skipti að keyra á æfingar fyrir eldri borgara eins og uppálagt hafði verið frá 2020 en vegna heimsfaraldurs gat verkefnið ekki farið af stað af krafti frá upphafi. Verkefnið er mjög metnaðarfullt er varðar hreyfingu, fræðslu og félagslega viðburði en einnig er til undirritaður samningur við Háskólann í Reykjavík um samstarf um fjölbreyttar mælingar á þátttakendum en þær eru á dagskrá haustið 2022. Það er von íþróttafélaganna að eldri borgarar í Kópavogi finni sig velkomin í íþróttafélögin en framboð á hreyfingu fyrir allan aldur er aðalatriðið. Spennandi verður að fylgjast með þessu verkefni en Fríða Karen Gunnarsdóttir var verkefnastjóri frá áramótum þar sem Eva Katrín fór í barneignarleyfi.

### **GERPLA 50 ÁRA**

Haldið var uppá 50 ára afmæli Gerplu tæpu ári á eftir áætlun. Upphaflega átti líka að halda afmælissýningu í tilefni af þessum tímamótum en vegna heimsfaraldurs var henni frestað í annað sinn. Alls voru um 100 gestum boðið í veisluna en um 60 manns mættu og voru viðstödd frumsýningu á afmælismyndbandi sem unnið var af Mission framleiðslu fyrir Gerplu. Margir af fyrrverandi formönnum og stjórnarfólki voru viðstödd sem var mjög ánægjulegt en boðið var uppá léttar veitingar og afmælistertu. Í myndbandinu var talað við fyrrverandi formenn, framkvæmdastjóra og aðra velunnara og stiklað var á stóru um Gerplu í 50 ár. Það voru kraftmiklar konur sem létu ekkert stoppa sig við stofnun Íþróttafélagsins í kjölfar þess



að ekki var pláss fyrir leikfimiþópin þeirra innan annarra íþróttafélaga í bænum og fengu þar með ekki húsnæði til æfinga. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og erum við mikið stolt af Gerplu eins og hún er í dag en ekki síður af sögu félagsins sem er merkileg á margan hátt. Í tilefni af þessum merku tímamótum var ákveðið að heiðra nokkra aðila fyrir vel unnin störf með gullmerki Gerplu. Þau sem hlutu gullmerki voru þau Ása Inga Þorsteinsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Björn Björnsson, Guðmundur Þór Brynjólfsson, Harpa Þorlákssdóttir og Hlín Bjarnadóttir. Hlín gat því miður ekki tekið við viðurkenningunni en Guðmundur Þór veitti henni viðtöku.



Allt eru þetta einstaklingar sem lagt hafa mikið af mörkum til félagsins á mismunandi vettvangi og það ber að þakka. Það voru þó nokkrir sem stigu í pontu og tóku til máls og má þar nefna Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóra Kóapvogs, Sólveigu Jónsdóttur framkvæmdastjóra Fimleikasambands Íslands, Guðmund G. Sigurbergsson formann UMSK, Jóhann Steinar Ingimundarson formann UMFÍ, Andra Stefánsson framkvæmdastjóra Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Kristján Erlendsson fyrrverandi formaður Gerplu. Fimleikasambandið færði félaginu sjálfboðaliðabikarinn sem verður afhentur framvegis ár hvert til sjálfboðaliða félagsins en það er óumdeilt að sjálfboðaliðar eru mikilvæg auðlind í öllum íþróttafélögum.





### **SAMSTARF VIÐ SPORTABLER**

Samstarfið við Sportabler hefur haldið áfram að vaxa og dafna og hafa þeir Sportablermenn verið iðnir að hlusta á þarfir okkar í Gerplu og komið með nýjungar nánast eftir óskum. Núna fara allar skráningar og viðburðir í fram í gegnum sportabler en búið er að loka gamla Nora. Það er margt á döfinni hjá Sportabler og erum við í Gerplu spennt fyrir framhaldinu.

### **BIÐLISTI OG FIMLEIKASALURINN**



Skráningar á biðlistann eru reglulegar og iðkendur hafa oftast en ekki þurft að bíða í lengri tíma eftir því að komast að hjá félaginu. Markvisst hefur verið unnið að því að grípa iðkendur þegar þeir skrá sig á biðlistann til að sjá hvaða þjónustu þeir leitast eftir. Oftast en ekki er hægt að koma til móts við óskir þeirra og hefja þeir þá iðkun. Það finnst munur á starfinu að vera komin í tvö hús þar sem

svigrúm skapast til að taka iðkendur inn af biðlista og grunnskólabörn í efri byggðum geta æft í nærumhverfi. Iðkendur í neðri byggðum eru ekki eins heppnir og fællir það iðkendur frá sem þar búa að þurfa að ferðast með strætó eða frístundabíl í langan tíma til að komast á æfingar. Ákveðnir tímar dagsins eru þó vinsælastir og komast ekki allir fyrir í sömu hópnum. Félagið hefur þó miðað að því að fjölga hópum á vinsælustu tímum til að koma til móts við þarfir foreldra og iðkenda.

## SÍK

SÍK er skammstöfun fyrir samstarfsvettvang íþróttafélaga í Kópavogi. Fyrsti aðalfundur SÍK var haldinn í febrúar 2019 og er haldinn annað hvert ár. Breyting varð á stjórn SÍK á vormánuðum 2022 þegar Eysteinn Pétur Lárusson sagði sig frá formennsku og gekk úr Stjórn ásamt Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur varaformanni. Í Stjórn tók sæti Þórólfur Heiðar Þorsteinsson og var hann kosinn formaður. Í stjórn sitja ásamt formanni Olga Bjarnadóttir, Guðmundur Sigurbergsson, Hólmfríður Kristjánsdóttir, Jón Finnbogason og Sigmundur Einar Músson ritari. SÍK á að efla samtalið og samstarfið á milli félaganna í bænum og er það viðbót við þau verkefni sem félögin hafa núþegar sett af stað. Starfandi eru tveir starfsmenn í 25% starfshlutfall hvor til að sinna málefnum SÍK en helstu hlutverk þessa nýja félags er að úthluta tímum í íþróttamannvirkjum bæjarins, úthluta styrkjum í keppnis- og æfingaferðir sem og starfsstyrkjum til íþróttafélaganna.

## AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD

Mikið utanumhald er í kringum viðhald áhalda en mikilvægt er að fylgjast náið með slitum á áhöldum sökum álags og notkunar. Mikil endurnýjun var árið 2021-2022 eins og önnur ár enda mikið álag og mikil notkun á áhöldunum í Gerplu. Fyrirhugað var Norðurlandamót í áhaldafimleikum í Versölum sumarið 2022 og þurfti að kaupa nokkur áhöld vegna ss. Þörf var á viðhaldi á áhöldum í Vatnsenda en Gerpla sér ekki um viðhald áhalda í Vatnsendahúsinu. Pantaðir voru nýjir dúkar og gormar í stóru trampólínin í Vatnsenda en þörf er á að fylla gryfjur með svömpum. Kópavogsbær mun koma með áætlun vegna viðhalds í Vatnsenda á næstu misserum. Mjög mikilvægt er að fylgjast vel með áhöldunum til að öryggi iðkenda sé tryggt.

## FORELDRARÁÐ

Foreldraráð Gerplu var stofnað í janúar 2014 fyrir alla keppnishópa Gerplu í því skyni að efla og auka samvinnu á milli Gerplu og foreldra iðkenda. Stjórn foreldraráðs samanstóð í vetur af sjö foreldrum, þar af er einn stjórnarmanna tengiliður við fjáröflunarnefnd. Foreldraráð skipuðu Halldóra S. Guðvarðardóttir formaður, Hildur Gottskálksdóttir varaformaður, Stella Aradóttir ritari, Helena Dögg Magnúsdóttir aðal umsjónarmaður, Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir fræðslufulltrúi, Birna Hallgrímsdóttir og Íris María Jónsdóttir meðstjórnendur og tengiliður við fjáröflun og jafnframt umsjónarmaður var Halldóra S. Guðvarðardóttir.

Starfsárið var óvenjulegt og ekki voru neinir viðburðir á þeirra vegum þetta árið vegna Covid 19. Ekki tókst að halda aðalfund foreldraráðs og því breyttist skipan þess ekkert þetta árið.

Máttarstólpar, hagsmunafélag meistaraflokka í félaginu hélt utanum sjöppuna á mótum sem Gerpla hélt á árinu. Það gekk það vel en vinnan er á fáum höndum.

Fjáröflunarnefnd var ekki starfandi á árinu en starfsmenn skrifstofu keyrðu í gegn nokkrar fjáraflanir fyrir iðkendur og var þátttakan þökkaleg. Um var að ræða vörutalningu í Rúmfatalagernum og Bónus sem og sölu á varningi.

## VORSÝNING

Afmælissýning sem halda átti í janúar 2022 í tilefni af hálfar aldar afmæli Gerplu var felld niður og var ekki hægt að halda hana sem vorsýningu þar sem verkefni á mótaskrá hjá stórum hluta iðkenda var langt fram á sumar og því ógerlegt að setja saman sýningu með öllum iðkendum Gerplu. Undirbúningur hefur farið fram tvívegis og við trúum því að allt er þegar þrennt er og stefnum á sýningu á vormánuðum 2023

## UPPSKERUHÁTÍÐ GERPLU

Uppskeruhátíð Gerplu var haldin hátíðleg í veislusal Gerplu sunnudaginn 20. febrúar. Hefð hefur verið fyrir því að halda uppskeruhátíðina á vorsýningu félagsins en þar sem henni hefur verið aflýst tvívegis var kominn tími á að finna aðra leið. Hátíðin var minni í sniðum en



upphaflega var áætlað en var samt vel sótt af verðlaunahöfum, fjölskyldu og liðsfélögum. Á hátíðinni eru bæði þjálfarar og iðkendur heiðraðir sem og sjálfboðaliðar.

Í áhaldadeild karla fengu þeir Ágúst Ingi Davíðsson, hvatningabíkar og Dagur Kári Ólafsson, afreksbíkar. Ágúst hefur verið að glíma við þrálát bakmeiðsli en hefur sýnt mikla þrautsegju og er að koma hægt og rólega til baka. Dagur Kári átti frábært ár í unglingsflokk, landaði norðurlandameistararitli og vann til verðlauna á Berlin Cup.

Í áhaldadeild kvenna fengu þær Thelma Aðalsteinsdóttir hvatningabíkar og Hildur Maja Guðmundsdóttir afreksbíkar. Thelma hefur eins og Ágúst Ingi verið að vinna sig upp úr meiðslum og hefur þurft að aðlaga æfingar sínar að meiðslunum en stefnir nú ótrauð á mótatímabilið í sumar. Hildur Maja átti gott ár og var valin í öll landsliðsverkefni sem í boði voru á árinu í fullorðinsflokk og var hársbreidd frá úrslitum á slá á Norður Evrópumóti.

Í hópímleikadeildinni voru það vinkonurnar Andrea Hansen og Kolbrún Júlía sem fengu afreksbíkarinn en þær urðu Evrópumeistarar með kvennaliðinu í Portúgal í desember og eru lykilkonur í meistaraflokksliði Gerplu. Hvatningabíkar í hópímleikum fengu stelpurnar í meistaraflokki kvenna en flokkurinn er að ganga í gegnum kynslóðaskipti og hafa þær sýnt elju og þrautsegju og eru á góðri siglingu. Margar þeirra spiluðu stórt hlutverk með unglingsliði kvenna á Evrópumótinu í Portúgal og uppskáru silfur.

Garpur Gerplu var að þessu sinni Valgerður Sigfinnsdóttir. Hún afrekaði það að keppa fyrst íslenskra kvenna með þrefalt heljarstökk með hálfri skrúfu í keppnislendingu á móti. Hún er jafnframt sönn íþróttakona og mikil fyrirmynd annarra iðkenda og okkar allra.



Þjálfari ársins í áhaldadeild er Alek Ramezanpour. Alek er duglegur og útsjónarsamur þjálfari með mikinn metnað fyrir iðkendur Gerplu. Hann er mjög vel liðinn og Gerpla heppin að hafa hann innan sinna raða.

Þjálfari ársins í grunn- og framhaldsdeild er Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir. Ingibjörg Þóra hefur þjálfað stúlkur í grunn- og framhaldsdeild félagsins. Hún er metnaðarfullur þjálfari sem heldur góðum aga og er iðkendum sínum góð fyrirmynd.

Þjálfari ársins í almennri deild er Birgir Valur Birgisson en hann hefur sinnt æfingum í GGG undanfarin ár sem og sumarnámskeiðum félagsins við mjög góðan orðstýr. Góð stemmning hefur myndast innan hópsins og hefur Birgir lagt sitt á vogarskálarnar.



Í hópfimleikadeild var valið þjálfarateymi annars flokks. Teymið skipaði þau Adam Bæhrenz Björgvinsson, Eyrún Inga Sigurðardóttir, Eysteinn Máni Oddsson og Rebekka Rut Stefánsdóttir. Þau voru mjög öflug í að halda utan um hópinn og einkenndist hópurnir af mikill samkennd, gleði og brottfallið var lítið. Árangurinn á keppnisgólfinu fylgdi svo í kjölfarið.

Félagsmálabikarinn hlaut Fjóla Valdís Árnadóttir en Fjóla Valdís hefur verið ein af þeim sem hafa haldið starfinu uppi í kringum meistaraflokka félagsins í mörg ár. Þar á undan skilaði hún einnig mikilli og góðri vinnu fyrir félagið á ýmsum vígstöðvum. Hún er kraftmikil og á auðvelt með að fá fólk til að hrífast með sér og við þakklát fyrir að hafa hana innan okkar raða.


## UPPSKERUHÁTÍÐ ÍTK



Uppskeruhátíð ÍTK var haldin í Salnum í Kópavogi. Gerpla átti að þessu sinni íþróttakonu Kópavogs en Tinna Sif Teitsdóttir var valin. Hún var ein af lykilkonum landsliðsins í hópfimleikum er þær hömpuðu Evrópumeistaratitilnum 2021. Valgarð Reinhardsson var tilnefndur til Íþróttakarls Kópavogs og þau Atli Elvarsson og Sóley Jóhannesdóttir fengu viðurkenningu í flokki 16 ára og yngri. Sóley var í bronsliði Íslands í flokki blandaðra liða á EM og Atli fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í áhaldafimleikum.

## EUROGYM SUMAR 2022

Það var myndarlegur hópur sem fór í ferðalag á Eurogym. Laugardaginn 9. Júlí lagði 27 manna hópur frá Gerplu af stað á Eurogym 2022 í Sviss. Eurogym er fimleikahátíð fyrir ungt fólk og er haldið annað hvert ár. Á Eurogym eiga allir hópar að útbúa atriði sem þeir sýna fyrir framan fjölda fólks á hátíðinni. Gerplustelpurnar sýndu sitt atriði við mjög góðar undirtektir og voru íslensku liðin dugleg að koma og styðja hvort annað. Einnig sækja iðkendur ólíkar og skemmtilegar vinnustofur. Við í Gerplu vorum skráð í Agility dance, dýfingar, parkour og big air bag. Stelpurnar voru sammála um að dýfingar vinnustofan hafi verið langt skemmtilegust og sýndu þær mjög flotta fimleikatakta á stökkpöllum. Inn á milli vinnustofa og sýninga eyddi hópurinn miklum tíma að synda í vatninu, spila strandblak, kíkja í mollið og skoða sig um. Hópurinn var mikið á ferðinni og gekk samtals tæplega 80 km í þessa vikuna. Við erum mjög stolt af flottu fulltrúum Gerplu á þessari skemmtilegu hátíð!





## MÓT, VIÐBURÐIR OG ÁRANGUR

